



SKÓLANEFND BLÁSKÓGABYGGÐAR

53. fundur skólanefndar Bláskógabyggðar

Mánudagur 21. nóv. 2016

Reykholt

Mættir: Bryndís Böðvarsdóttir formaður, Valgerður Sævarsdóttir varaformarður, Axel Sæland ritari, Sólrún Lilja Ragnarsdóttir fulltrúi foreldra leikskólans Álfaborgar, Regína Rósa Harðardóttir leikskólastjóri Álfaborgar, Þuríður Ágústa Sigurðardóttir fulltrúi starfsmanna leikskólans Álfaborgar, Elfa Birkisdóttir skólastjóri Bláskógaskóla Laugarvatni, Sólveig Björg Aðalsteinsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskóladeildar Bláskógaskóla Laugarvatni, Þóra Þöll Tryggvadóttir fulltrúi foreldra leikskólabarna Bláskógaskóla Laugarvatni.

KL 20.00 – 21.30

Leikskólastig

1. **Stytting sumarlokun leikskólanna úr 6 vikum í 4 vikur.**

Á 183. fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar var tekið fyrir bréf bréf foreldraráðs leikskólans Álfaborgar þar sem óskað er eftir því að sumarfríslokun leikskólans verði stytt úr 6 vikum í 4 vikur. Sveitarstjórn lagði áherslu á samræmdar reglur og óskaði eftir að skólastjórar myndu skoða hugmyndina, gera kostnaðarmat og leggja upp hugmynd að útfærslu um framkvæmd slíkrar breytingar. Á 190. fundi sveitarstjórnar var lögð fram greinargerð skólastjóra leikskóla í Bláskógabyggð vegna hugmynda um breytingu á sumarleyfi leikskólans Álfaborgar og leikskóladeildar Bláskógaskóla Laugarvatni og samþykkti sveitarstjórn Bláskógabyggðar samhljóða að vísa erindinu til skólanefndar til umsagnar.

Skoðanakannanir voru sendar á foreldra barna á báðum leikskólunum. 72 % svörun var hjá foreldrum Álfaborgar og af þeim sögðu 67 % já en 33 % nei. Frá leikskóladeildinni á Laugarvatni var 37,5 % svörun og þar svöruðu allir já eða 100%.

Miklar umræður áttu sér stað og margt sem þarf að huga að við styttingu sumarlokunar. Ljóst er að ekki verði hægt að sinna máltíðum hjá leikskóladeildinni á Laugarvatni með sama hætti og á veturna þar sem menntaskólinn er ekki starfandi og aðrir aðilar á svæðinu sjá sér ekki fært að matreiða fyrir skólann. Að loknum umræðum ákvað skólanefnd að leggja fram tillögu til sveitarstjórnar að stytta sumarlokun í 5 vikur svo framalega sem að mötuneytismál og stafsmanmál verði leyst fyrir lok marsmánaðar.

Fundargerð lesin upp og samþykkt – fundi slitið kl. 21.30

Axel Sæland ritaði fundargerð